


Claude Picasso.



Paloma Picasso, nú eftirsóttur hönnuður.

Arfleifð Picassos

Franska ljóðskáldið André Verdet bætti við: „Á Spáni er það ekki til síðs að strengja heit eða gera erfðaskrár. Gamalt katalónskt máltæki segir að sá sem skrifi undir erfðaskrá undirriti um leið eigin dauðadóm.“

Picasso reyndi í lengstu lög að halda í æsku sína og storka Elli kerlingu. „Allt sem ég geri geri ég fyrir nútíð,“ segir hann á einum stað.

En hann hafði líka megnustu fyrir-litningu á allri opinberri afskiptasemi og skrifraði enda hafði hann efni á því. Það var honum mikils virði að geta gefið heiminum langt nef þegar honum sýndist „dire merde á tout le monde“. Því hefði hann eflaust haft takmarkaðan áhuga á þeim skýrslugerðum og skriffinnsku, sem fylgir erfðaskrá. Picasso taldi sig hafa skilað sínu dagsverki, nú máttu aðrir gjöra svo vel að sjá um afganginn.

En eins mikill hrekkjalómur og æringi sem hann var, hefur Picasso sennilega brosað í kampinn við tilhugsunina um þá ringulreið og deilur sem dauði hans mundi orsaka.

Hundrað milljóna

Eftirlátnar eignir hans voru gífurlegar, bæði að umfangi og verðgildi. Meðal hús- og jarðeigna hans voru Chateau de Vauvenargues, sem er höll frá miðöldum í Suður-Frakklandi, ásamt með 2600 ekrum lands, stórhýsið Notre Dame de Vie á Cote d'Azur, 17. aldar höll, Chateau de Boisgeloup í Normandí, sem Picasso keypti á kreppuárunum en bjó ekki í síðustu 38 ár ævi sinnar, og 15 herbergja villa í Cannes sem ber nafnið La Californie.

Í dag gætu þessar eignir verið 150 milljón króna virði.

Pablo Picasso, einhver frægasti og ríkasti myndlistarmaður sem uppi hefur verið, lést án þess að gera erfðaskrá. Nánir vinir hans töldu að það hefði verið með ráðum gjört. Eftir jarðarförina sagði Paulo, sonur listamannsins, við blaðamenn: „Faðir minn minntist aldrei á erfðaskrá meðan hann var á lífi því hann vildi ekki heyra á dauðann minnst.“

Picasso lét einnig eftir sig miklar peningafúlgur í Banque Nationale de Commerce Industrielle í París, hugsanlega meira en 200 milljónir króna á núverandi gengi.

En mestu auðæfi Picassos var þó að finna í listaverkum hans. Hann hélt til haga öllu sem rak á fjörur hans og er hann lést fundust í fórum hans hálftrar aldar gamlir hattar, skór og verkfæri, dreifð um alla dvalarstaði hans.

En Picasso safnaði fleiru en gömlu drasli. Hann keypti myndir eftir aðra listamenn, bæði eftir vini eins og

Braque, Matisse, Miró og Cocteau, og lærifedur, svo sem Cézanne, Courbet, Degas og Corot.

Þessar myndir mundu nú vera metnar á yfir hundrað milljónir íslenskra króna.

Eigin verk aðalgóssið

Þá er aðalgóssið eftir, þ.e. Picassomyndir Picassos. Allt frá því á þriðja áratug aldarinnar hafði Picasso fyrir síð að kaupa margar mynda sinna til baka, sérstaklega þær sem hann hafði neyðst til að selja þegar hann var ungur og snauður.

Sjálfur seldi hann sjaldnast myndir nema að vel yfirveguðu ráði og einn umboðsmanna hans, Heinz Berrgruen, sagði að Picasso hefði ævinlega haldið eftir „bestu myndunum, einkum þegar um myndraðir var að ræða“.

Enn liggja ekki fyrir upplýsingar um fjölda og verðgildi þessara verka, þótt úrval þeirra hafi verið á farandsýningunni „Picassos Picassos“ fyrir nokkrum árum.

En stuttu eftir að Picasso lést var það skoðun virts bresks sérfræðings, Nicholas Adam, að hans eigin verk

mætti meta á 50 milljón sterlingspund og geta menn því gert sér í hugarlund hvers virði þau eru í dag. Við erum alltént að tala um nokkur hundruð milljóna íslenskra króna.

Skilgetin börn og óskilgetin

Erfingjar skiptust í þrennt, ættingja listamannsins, franska ríkið og liststofnanir, þ.e. listasöfn. Ættingjarnir voru: ekkja Picassos, Jacqueline, Paulo (f.1921), sonur Picassos og rússnesku ballerinunnar Olgu Kokhlovu, sem lést 1955, fyrrverandi kona Paulos, Emilienne og 23 ára gömul dóttir þeirra, Marina, og þrjú óskilgetin börn Picassos, Maia (f. 1935), dóttir Marie-Thérèse Walter, og þau Claude og Paloma (f.1947 & 1949), börn Françoise Gilot.

Franska ríkið gat síðan átt von á erfðaskatti og ákveðnum fjölda listaverka. Listasöfn um víða veröld, í New York, París, Antibes, Barcelona, Madrid o.fl. biðu einnig í ofvæni eftir að fá að vita hvað kæmi í þeirra hlut þar eð Picasso hafði munnlega lofað að gauka einhverju að þeim í fyllingu tímans.

En ýmis ljón voru í veginum fyrir snurðulausri afgreiðslu erfðamála. Samkvæmt frönskum lögum erfir ekkja ekki mann sinn nema þess sé sérstaklega getið í kaupmála eða hjónavígsluvottorði. Ekkert slíkt var fyrir hendi hvað Jacqueline snerti. Því erfði hún aðeins 50% þeirra eigna sem Picasso hafði áskotnast eftir 1961, árið sem þau giftust.

Skildu aldrei

Meðal þessara eigna var vitanlega fjöldi listaverka en rétt er að hafa hugfast að Picasso eignaðist flestar